



LEIKSKÓLINN
TJARNARSKÓGUR
gleði - virding - samvinna - fagmennska

TJARNARSKÓGUR – LEIKSKÓLINN OKKAR



Skólanámskrá

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1. Námskrá leikskóla.....	3
1.1. Leiðarljós leikskóla.....	3
1.2. Sýn á nám leikskólabarna.....	3
1.3. Hornsteinar í leikskólastarfinu.....	4
1.4. Námsumhverfi.....	4
1.5. Nám án aðgreiningar.....	4
1.6. Yfirstjórn leikskóla á Fljótsdalshéraði.....	5
2. Leikskólinn Tjarnarskógur.....	6
2.1. Starf Tjarnarskógar.....	6
2.2. Fjölgreindarkenning Howard Gardners.....	7
2.3. Hegðun og agi.....	8
2.4. Skráning námsferils.....	9
2.5. Námssvið.....	9
2.6. Aðlögun – yngstu börnin og færsla á milli deilda.....	14
2.7. Elstu börnin í leikskólanum.....	15
3. Fjölskyldan og leikskólinn.....	17
4. Ytri rammi um leikskólastarfið.....	18
5. Samstarf.....	19
6. Siðir og venjur.....	21
7. Mat á leikskólastarfi.....	23
8. Áætlanir - Stefnur	24
Lokaorð.....	25

1. NÁMSKRÁ LEIKSKÓLA

Námskrá leikskóla Fljótsdalshéraðs byggir á Aðalnámskra leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Á grunni aðalnámskrár mótar hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna.
2. Að stuðla að skilvirkara starfi.
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra.



1.1. Leiðarljós leikskóla

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar barna. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni, og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Engin einhlít svör eru til við því hvernig uppeldi barna er best. Uppeldi er langtímaverkefni, skammtímalausnir eða uppskriftir að farsælu uppeldi duga oftast skammt. En ákveðnar leiðir hafa reynst farsælar við uppeldi barna. Lýðræðislegir eða leiðandi uppeldishættir er sú aðferð sem höfð er að leiðarljósi í leikskólanum. Leiðandi uppeldisaðferð byggir á því að krafist er þroskaðrar hegðunar af barninu. Sett eru skýr mörk um hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, útskýringar eru notaðar og börnin hvött til þess að skýra út sitt sjónarmið. Umræður þar sem koma fram sjónarmið beggja t.d. við það að setja reglur.

Sýna ber börnunum mikla hlýju og uppörvun þ.e. samskipti byggjast á hlýju og samvinnu, útskýringum og rökum. Uppeldi byggir á siðferðisþroska, dómgreind, viðurkenndri hegðun og samskiptum manna á meðal. Hvað samskiptaþáttinn varðar er talið að þróunin verði sú að störf framtíðarinnar og líf okkar á jörðinni muni fyrst og fremst þurfa að byggja á samvinnu og samskiptum.

Samskiptareglur byggjast á gagnkvæmri virðingu og nauðsyn þess að koma fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig. Sú vísa er ekki of oft kveðin að fullorðnir eru fyrirmyndir. Það sem gert er skiptir meira máli en það sem sagt er. Við eigum að vera á fyrirmyndarvaktinni, alltaf. Börn læra af fullorðnum þær reglur sem settar eru og gerð er krafa um við ólíkar aðstæður.

1.2. Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og sérstakri hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er statt í námi og þroska.

1.3. Hornsteinar í leikskólastarfinu

Í leikskólanum er lögð áhersla á skapandi starf og leik barnsins. Ekki er um beina kennslu að ræða sem stefnir að ákveðinni fræðilegri þekkingu. Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð, með áherslu á leik barna sem náms og þroskaleið, uppgötvunarnám. Í leikskólanum ræktum við alhliða þroska barnsins og hlúum að öllum þroskaþáttum þess, eflum þá og örvum samspil þeirra. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskaþátta. Leitast er við að efla heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf barna.

Leikskólinn setur sér ákveðna áherslupætti eða markmið, eitt eða fleiri, sem unnið er sérstaklega með í lengri eða skemmri tíma. Þessar áherslur/markmið eru gjarnan hluti af starfsáætlun. Hugtökin **virðing**, **hlýja**, **öryggi** og **traust** eru leiðarljós í hugmyndafræði leikskólans í öllum samskiptum. Við erum vakandi fyrir umhverfinu og leggjum áherslu á að ganga vel um náttúruna og bera virðingu fyrir öllu sem lifir.

Leikur og nám

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og felur í sér nám. Hann er lífstjáning og gleðigjafi barnsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið þess. Í bernsku er leikurinn hin eðlilega leið til að læra og afla sér þekkingar. Í leiknum læra börnin samskiptareglur, umburðalyndi og nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars. Börn eru ekki einungis leikfús heldur eru þau bæði náms- og verkfús. Þau hafa þörf fyrir að takast á við verkefni sem reyna bæði á andlega og líkamlega færni þeirra. Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagshæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins. Leikurinn er kennsluaðferð leikskólakennarans og leiðandi hugtak í leikskólastarfinu. Á leiknum og kennslufræði hans byggir kennarinn starf sitt.



1.4. Námsumhverfi

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Í leikskóla á skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis að endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu hvað varðar húsnæði, búnað, leikvöll og nærumhverfi.

Leikskólakennarar skapa fjölbreytilegt leikumhverfi sem vekur forvitni barna og ýtir undir ímyndunarafl þeirra, sköpunarkraft og tjáningu, þannig að hugmyndir þeirra fái að njóta sín. Í leikskóla hafa börn aðgang að fjölbreyttu leikefni þar sem leiknum er gefið nægilegt rými í dagskipulaginu. Börnum er gefið tækifæri til að þróa leik sinn og dýpka.

1.5. Nám án aðgreiningar - Sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni við sitt hæfi. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Börn með fötlun og börn með frávík í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum, sem sveitarfélagið setur þar um.

Skipulag sérkennslu er í höndum sérkennslustjóra. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, þ.e. að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með markvissum aðgerðum eins fljótt og unnt er. Gerðar eru einstaklingsnámskrár fyrir hvert og eitt barn sem nýtur sérkennslu og þær endurskoðaðar eins oft og þurfa þykir. Sérkennslan fer fram í leikhópnum, litlum og stórum, eða er einstaklingsbundin allt eftir aðstæðum hverju sinni. Leikhópar eru fámennir, fyrirfram ákveðnir hópar og hefur hver og einn hópur

sín markmið og leiðir. Markmið okkar er að allir starfsmenn gæti þess að börnin, sem eiga í hlut, séu hluti af barnahópnum og eigi sömu hlutdeild í leikskólastarfinu og önnur börn í leikskólanum.

Leikskólinn leggur mikla áherslu á samvinnu við foreldra sem byggð er á gagnkvæmu trausti. Foreldrar taka þátt í ákvarðanatöku, hlustað er á foreldra og tekið tillit til sjónarmiða þeirra.

Ferlið

Ef grunur leikur á seinkunn í þroska barnsins eða áhyggjur af hegðun og líðan þess er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi eru gerðar viðeigandi ráðstafanir. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins kallaðir til sérfræðingar Skólaskrifstofu Austurlands til frekari ráðgjafar.

Markmið með sérkennslu eru að:

- Styðja barnið þannig að það njóti leikskóladvalar sinnar sem best.
- Skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum.
- Að öll börn fá kennslu og þjálfun við hæfi með það að leiðarljósi að öll börn séu jöfn og séu virkir þátttakendur í barnahópnum og í öllu starfi í leikskólanum.

1.6. Yfirstjórn leikskóla á Fljótshéraði

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla á Fljótshéraði í umboði bæjarstjórnar samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum og þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur henni.

Fræðslustjóri

Fræðslustjóri er starfsmaður fræðslunefndar og ber ábyrgð á stjórn og rekstri fræðslumála sveitarfélagsins þ.m.t. fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd ákvarðana fræðslunefndar. Undir hans verksvið falla leikskólar, grunnskólar og tónlistarskólar. Hann gerir tillögur um fjárhagsáætlun fyrir þau verkefni og þær stofnanir sem undir hann heyra og vinnur með skólastjórnendum að gerð starfsáætlana. Fræðslufulltrúi er Helga Guðmundsdóttir. Netfang: helga@egilsstadir.is

Skólaskrifstofa Austurlands

Skólaskrifstofa Austurlands er staðsett á Reyðarfirði. Sérfræðingar skrifstofunnar veita leikskólum ráðgjöf og sálfræðipjónustu. Netfang: skolaust@skolaust.is

Fasteigna- og þjónustufulltrúi

Hefur umsjón með fasteignum sveitarfélagsins. Allur búnaður, húsnæði og lóð leikskólans er skoðað af löggildum aðilum á vegum fasteigna- og þjónustufulltrúa og úrbætur gerðar eftir þörfum.

2. LEIKSKÓLINN TJARNARSKÓGUR

Leikskólinn Tjarnarskógur varð til við sameiningu leikskólanna Skógarlands og Tjarnarlands í ágúst 2012 og er starfræktur á tveimur starfstöðvum (Skógarland - Tjarnarland). Tjarnarskógur er með um 174 nemendur á aldrinum eins til fimm ára. Á Tjarnarlandi eru þrjár deildir, Hamrabær, Tjarnarbær og Skógarbær og þar dvelja um 60 börn, 4 – 5 ára. Fjöldi barna úr næst elsta árgangi fer eftir stærð elsta árgangsins og er því mismunandi á milli ára. Á Skógarlandi er húsinu skipt í yngri álmu og eldri álmu. Á yngri álmu dvelja u.þ.b. 54 börn, 1 -2 ára, á þremur deildum, Lyngi, Laufi og Barri. Á eldri álmu dvelja u.þ.b. 66, 2 – 4 ára, börn á þremur deildum, Lundi, Rjóðri og Kjarri.

Í Tjarnarskógi viljum við að börnunum líði vel og séu örugg með sig þegar þau útskrifast og hefja nám á næsta skólastigi. Við leggjum áherslu á að virðing sé borin fyrir ólíkum þörfum og skoðunum. Virðingarhugtakið er grundvallaratriði í samskiptum allra bæði barna og fullorðinna. Við viljum rækta með börnunum sjálfsgæði, sjálfstæði og frumkvæði. Markmiðið er að þeir einstaklingar sem dvelja í leikskólanum verði öruggir og sjálfstæðir og geti valið og hafnað fyrir sig. Leikskólinn á að vera fordómalaus, við reynum að skilja ekki dæma. Glöðværð á að setja mark sitt á leikskólastarfið. Sú framtíðarsýn sem við sjáum börnum til handa er samfélag lýðræðis, umburðarlyndis, jafnréttis og samvinnu. Samfélag sem hefur það að leiðarljósi að við njótum réttinda en höfum einnig skyldur.

Einkunnarorð Tjarnarskógar eru: **Gleði, samvinna, virðing og fagmennska.**

Það hefur sýnt sig að þau börn sem mæta reglulega eru ánægðari og líður betur í leikskólanum. Í Tjarnarskógi er tekið á móti hverju barni sem sérstöku og boðið er góðan daginn. Við viljum biðja foreldra að virða tímann á milli **kl. 11 – 13** á meðan matartími og hvíld er og trufla sem minnst þá.

Ef barnið kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna, þá vinsamlegast látið vita á deild barnsins. Einnig er mikilvægt að tilkynna allar breytingar á höfum og aðstæðum s.s. veikindum, fjarveru foreldra, breytt heimilisfang eða símanúmer. Vilji barn af einhverjum ástæðum ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að starfsfólk viti af því svo hægt sé að finna ástæðuna og vinna úr vandanum.




Mikilvægt er að foreldrar láti starfsfólk vita þegar komið er með barnið og það sótt.

2.1. Starf Tjarnarskógar

Starf Tjarnarskógar tekur mið af þeim áherslum sem lagðar eru í lögum og reglugerðum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, stefnu Fljótsdalshéraðs, stefnu leikskólans og þeim aðstæðum og umhverfi sem hann býr við. Skólamenning Tjarnarskógar er í mótun eftir sameiningu Tjarnarlands og Skógarlands en starf hins nýja sameinaða skóla byggir á góðum grunni. Að baki skólanámskrá liggur mikil umræða og skoðanaskipti meðal starfsmanna um leikskólastarfið, áherslur þess og starfshætti. Skólanámskráin endurspeglar því þau gildi og þá hugmyndafræðilegu sýn á leikskólastarf sem starfsfólk Tjarnarskógar hefur komið sér saman um að þróa áfram.

Í Tjarnarskógi er skólaárinu skipt upp í lotur. Á eftir hverri lotu er svo vika sem notuð er til úrvinnslu verkefna og undirbúnings fyrir næstu lotu. Við teljum að með þeim hætti náum við að vinna markvisst með greindarkenningu Garnders en hann er sá fræðimaður sem við horfum til í starfsaðferðum okkar. Megininntak þeirrar kenningar er viðurkenningin á einstaklingsmuni nemenda og mikilvægi þess að koma til móts við þarfir hvers og eins. Gardner setti fram átta greindir; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, líkams- og hreyfigreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfspekingargreind og umhverfisgreind.

Skólaárið, lotuhringurinn



2.2. Fjölgreindarkenning Howard Gardners

Leikskólinn starfar eftir hugmyndarfræði fjölgreindarkenningar Howard Gardners. Fjölgreindarkenningin byggir á því að greind mannsins samstandi af 8 jafngildum greindarsviðum. Þessi svið þroskast mismunandi og á ólíkum tíma hjá hverri manneskju. Þau eru samtengd, þ.e. ef eitt greindarsvið þróast þá þroskast hin. Einstaklingar læra ólíkt eftir því hvaða greindarsvið eru sterkust hjá þeim og þeir bregðast misvel við kennsluaðferðum. Til þess að þroski og nám barnanna fari sem best fram þurfum við kennararnir því að bjóða upp á fjölbreyttar aðferðir við námið, opin efnivið og koma til móts við þarfir hvers og eins.

Greindirnar átta eru:



Málgreind er hæfileikinn til að vinna með tungumál. Fólk með sterka málgreind hefur gjarnan mikinn orðaforða, skrifar góðan texta, á auðvelt með að flytja ræður og að læra erlend tungumál.

Rök- og stærðfræðigreind er hæfileikinn til óhlutbundinnar hugsunar, rökhugsunar og að vinna með tölur og mynstur. Fólk með sterka rök- og stærðfræðigreind eru gjarnan góð í stærðfræði, vísindum og forritun, svo dæmi sé tekið.



Rýmisgreind er hæfileikinn til sjón- og rúmskynjunar. Hafi menn sterka rýmisgreind eiga þeir auðvelt með störf þar sem unnið er með liti, lögum, form svo sem listir, handverksgerð og arkitektúr.

Líkams- og hreyfigreind er hreyfigeta og færni til líkamstjáningar. Góð samhæfing og líkamsstyrkur einkenna þá sem hafa góða líkams- og hreyfigreind. Dansarar og íþróttamenn falla flestir í þennan flokk.



Tónlistargreind er hæfileikinn til að vinna með, meta og skapa tónlist. Fólk með sterka tónlistargreind eru taktnæmir og hafa gott tóneyra.

Samskiptagreind er hæfileikinn til að hafa samskipti við og skilja aðra, svo sem að ráða í látbragð þeirra og raddblæ. Fólk með sterka samskiptagreind sómir sér oft vel sem kennarar, stjórnálamenn eða sölumenn.



Sjálfsþekkingargreind er þekking á sjálfum sér, svo sem að þekkja styrk sinn og veikleika, tilfinningar sínar, hugsanir og langanir, og hæfni til að nýta þessa þekkingu sér til framdráttar. Fólk sterkt á þessu sviði hefur gjarnan áhuga á trúmálum og sálfræði.

Umhverfisgreind er hæfileikinn til að greina og meta hluti í náttúrunni. Fólk með sterka umhverfisgreind er næmt fyrir umhverfi sínu: Jurtum, dýrum, fjöllum, skýjafari og svo framvegis. Það er gjarnt til að velja sér starfsgreinar eins og náttúrufræði og umhverfisfræði.



2.3 Hegðun og agi

Við leggjum áherslu á hrós og jákvæðan aga. Við vinnum að því að efla sjálfvirðingu nemenda og virðingu fyrir umhverfinu og samferðafólkinu. Góð hegðun er forsenda menntunar og agi er því nauðsynlegur til að nám fari fram. Börn eru misjöfn að þroska og við mætum þeim á þeirra þroskastigi. Við leggjum áherslu á að styrkja jákvæða hegðun til dæmis með hrósi og hunsa neikvæða hegðum. Til að styrkja okkar jákvæðu mótunaraðferð í hegðun, notum við aðferð sem nefnd er: "Töfrar 1,2,3". Sú aðferð kennir börnunum á aldrinum 2-12 ára einfalda leið við að ná tökum á hegðun sinni, án þess að skammast, nöldra, þræta eða beita valdi. Reynsla okkar af 1,2,3 er góð sé þetta rétt notað. Meira má fræðast um aðferðina í bókinni Töfrar 1,2,3, eða á www.doktor.is. Engin aðferð er þannig að hún virkar á öll börn og ef Töfrar 1, 2, 3 virka ekki á ákveðin börn erum við með aðrar leiðir sem styðja betur við jákvæða hegðunarmótun. Til dæmis með umbunarkerfum og hvatningarbókum og þá í samráði við foreldra. Einnig virkar vel að skoða hvað veldur erfiðu hegðuninni hjá barninu með því að skoða umhverfið og þær aðstæður sem börnin eru í. Stundum getur verið nóg að gera einfaldar breytingar á deildinni eða undirbúa barnið undir breytingar og barnið fer að sýna betri hegðun.


2.4. Skráning námsferils

Í Tjarnarskógi erum við með okkar eign útfærslu á skráningu námsferli barna. Hvert barn fær möppu þar sem skráður er námsferill þess, lýsingar á þroska í máli og myndum. Á hverju leikskólaári eru unnin nokkur fyrirfram ákveðin verkefni sem tengjast greindum Gardners. Myndrænt yfirlit yfir haust og vorönn hvers árs sem rifjar upp viðburði ársins. Mappan fylgir barninu alla leikskólagönguna og er því heimild um hvernig barnið þroskast.

Verkefnin sem skilgreind eru á hverju ári stjórna af viðmiðum sem eru notuð í þroska. Þá eru sum verkefni unnin árlega til að geta sýnt þróunina og svo önnur verkefni sem bundin eru fyrirfram ákveðnum ferlum sem leikskólinn velur. Hér kemur svo linkurinn inn á Geym mér ei....

2.5. Námssvið

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá kennurum. Námssviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans og taka mið af sex grunnþáttum menntunar. Þau byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum. Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, lýðræði og jafnrétti, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.



LÆSI OG SAMSKIPTI

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.



Málrækt

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með tungumálinu tjá þeir hugsanir sínar, tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Málörvun gengur eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Mikilvægt er að mál og málörvun greinist ekki frá öðrum uppeldisþáttum. Allar daglegar athafnir eru nýttar til að efla og styrkja samskipti eru t.d. í fataherberginu, við matarborðið, í leik, útiveru, leikfimi, samverustundum, leikhópum og hópavinnu. Lögð er áhersla á að tala gott íslenskt mál.

Markmið málræktar í leikskólanum eru að:

- Barnið fái tíma, tækifæri og rými fyrir fjölbreytt samskipti við önnur börn og fullorðna, jafnt í stórum sem smáum hópum.
- Umhverfi barnsins sé hvetjandi og barnið aðstoðað við að byggja upp góðan orðaforða.
- Börnin fái færi á að tjá sig og þau læri að hlusta hvert á annað.
- Barnið verði fært um að segja frá skoðunum sínum, tilfinningum og væntingum fyrir framan hóp.

Samverustundir

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er í samverustundum fjallað um ýmis verkefni sem verið er að vinna. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer fram. Fjallað er um heiti daganna og mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, börnin tjá sig og læra að hlusta á aðra. Það að safnast saman í hóp stutta stund á hverjum degi eflir samkenndina og er hvíld í amstri dagsins.

Markmið með samverustundum eru að:

- Stuðla að málörvun og alhliða námi.
- Eiga notalega stund saman.



Val

Á eldri deildum leikskólans er valkerfi. Valkerfið er grundvallað á hugmyndum uppeldisfrömuða um áhugahvöt og virkni barnsins. Valið gefur börnunum kost á fjölbreyttum verkefnum og húsnæði og búnaður skólans nýtist vel. Starfsmenn hafa ekki áhrif á val barnanna. Valkerfið er rammi utan um frjálsa leikinn, börnin velja athafnasvæði til þess að leika sér. Börnin bera ábyrgð á vali sínu og þurfa að standa við val sitt í ákveðinn lágmarkstíma og ganga frá eftir sig þegar þau skipta um verkefni.

Markmið með valkerfi eru að:

- Stuðla að sjálfræði og sjálfstæði.
- Þjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni.
- Nýta vel búnað og rými leikskólans.
- Börnin dreifist á leiksvæði leikskólans.

Árgangsamstarf

Í Tjarnarskógi eru aldursblandaðar deildir og því er skipulagt árgangsamstarf á milli deilda. Að meðaltali hittast árgangarnir einu sinni í mánuði og fer val á verkefnum eftir aldri og þroska barnanna. Markmið:

- Að kynnast jafnöldrum á öðrum deildum.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN

Í leikskólanum læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Líðan barns hefur áhrif á sjálfsmynd þess, t.a.m. hvort það hefur trú á eigin hæfni, er áhugasamt og sýnir vilja og getu til að takast á við mismunandi viðfangsefni. Daglegar athafnir í leikskólanum eiga að stuðla að líkamlegri og andlegri vellíðan barna og góðri heilsu. Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Borðhald

Góð næring skiptir miklu máli fyrir líðan barna og þess vegna er lögð áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi, þar gefast gjarnan tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna. Kennarar matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði og kurteisi. Börnin leggja á borð og sækja matinn í eldhúsið. Þau skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt, aðstoða hvert annað og ganga frá en yngstu börnin að því marki sem geta þeirra og þroski leyfir. Það er þáttur í uppeldi þeirra til sjálfstæðis og sjálfsbjargar. Öll börn taka þátt í þeim máltíðum sem eru á dvalartíma þeirra nema morgunmat þar er hægt að velja um hvort börnin eru í morgunmat.



Svefn og hvíld

Við erum að lágmarki 20- 30 mínútur í hvíld eftir hádegismat. Á yngri álmum er reiknað með að flest börn sofi. Með eldri börnin er hvíldin róleg stund þar sem annað hvort er hlustað á sögu eða rólega tónlist í 20-30 mínútur og þau börn sem mega sofa, fá næði til þess. Foreldrar ákveða hversu lengi barnið sefur. Það fara allir í hvíld en þeir sem mega helst ekki sofa fara út eftir 30 mínútur. Engu barni er haldið vakandi og ef barnið sofnar sefur það þar til hvíldin hefur staðið yfir í 30 mínútur.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna. Lögð er áhersla á að börnin þvoi sér eftir að þau hafa notað salerni. Yngstu börnin í leikskólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að sá ferill gangi vel fyrir sig. Reynt er að gæta hreinlætis í hvívetna, ekki síst með tilliti til smíthættu. Farið er á salernið fyrir máltíðir og útiveru hjá þeim yngri en þau eldri látin stjórna salernisferðum sjálf nema ef þörf er á eftirliti.

Frágangur og snyrtimennska

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikfni sem og að ganga frá eftir matinn. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að ýmsum verkefnum, t.d. með því að sækja sér efnivið. Lögð er áhersla á að leikföng og allur efniviður sé aðgengilegur börnunum.

Hreyfing

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpum og þoli. Í leikskólanum er hreyfiþörfin virt og örvuð og börnin læra að þekkja og skynja líkama sinn. Innandýra er farið í hreyfisál, rými fyrir fínhreyfi- og grófhreyfileiki. Hlutverk starfsfólks er að vera leiðandi og hvetjandi. Gefa börnunum tækifæri og tíma til að prófa sig áfram. Farið er í gönguferðir þar sem fléttað er saman náttúruskoðun, útvist og hreyfing.



Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir og eykur mótstöðuafli. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, og er útivera talin hafa góð áhrif á samskipti, hreyfingu og fjölbreytni í leikjum barnanna og stuðla að betri líkamsfærni og rúmskynjun. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki. Í útiverunni gefast börnunum fjölbreyttir möguleikar á félagslegri þjálfun.

Markmið með útiveru eru að:

- Efla alhliða þroska.
- Auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.

LÍFSLEIKNI

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Til að öðlast lífsleikni þarf barnið að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd er dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eftir og styrkt. Þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eiga að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla á barnið að fá tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan og friðsamlegan hátt, læra að gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sjálf sig og umhverfi sitt.

LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólar Fljótsdalshérað starfa eftir eigin jafnréttisstefnu sem byggð er á jafnréttisstefnu Fljótsdalshéraðs. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi leikskólans er lögð áhersla á að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskólanum:

- Er frumkvæði barnanna eftir og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.
- Eru börnin hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.
- Fá börn tækifæri til að gleðjast með öðrum, læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt.
- Er mikilvægt er að virða rétt allra til virkrar þátttöku á eigin forsendum, óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Menntun til sjálfbærni miðar að því að veita börnum tækifæri til að læra með því að horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Ýta þarf undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna og hvetja þau til að spyrja spurninga og leita mismunandi lausna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Markmið okkar er að:

- Náttúruvernd sé eðlilegur hluti af daglegu lífi.
- Börnin læri að virða líf, náttúru og nærumhverfi sitt.
- Börnin fái tækifæri til að læra um náttúruvísindi með aðstoð ýmissa tæknibúnaða.
- Börnin fái tækifæri til að leika sér í náttúrulegu umhverfi t.d. með ferðum í Selskóg, Tjarnargarðinn og fleiri náttúruperlur.
- Efla sköpunarkraf og ímyndunarafli barnanna.
- Börnin læri að koma á framfæri hugmyndum sínum með aðstoð tækni.



Vettvangsferðir

Börnin fara oft í vettvangsferðir með kennurum sínum Vettvangsferðir út í náttúruna, heimsóknir á vinnustaði og söfn gefa börnunum reynslu sem hægt er að vinna með til dæmis í skapandi starfi. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna. Í vettvangsferðum er ýmist farið í litlum eða stórum hópum. Ferðir sem þessar gefa mikla möguleika á að örva og styrkja félagsfærni og samskipti barnanna auk þess sem þau tengjast betur sem hópur.

Umhverfisvernd

Á leikskólalóðinni er börnunum kennt að týna rusl og ganga vel um, hlúa að plöntum og dýrum. Hugtökin verndun og virðing eru höfð að leiðarljósi. Hlutverk starfsfólks er að vera til fyrirmyndar í orði og verki og ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Í Tjarnarskógi er leitast við að kenna börnunum að:

- Þekkja og ganga vel um þann gróður sem vex í næsta nágrenni skólans, bæði á skólalóð og utan hennar.
- Ganga vel um umhverfi sitt.
- Flokka pappír og endurnýta það sem til fellur í leikskólanum.
- Slökkva ljós í mannlausum rýmum.
- Minnka úrgang eins og kostur er.
- Spara pappírshotkun og orkunotkun.
- Ganga vel um húsnæði og eigur leikskólans.

SKÖPUN OG MENNING



Barnamenning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki í leikskólanum hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu hans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Í starfsáætlun leikskólans er nánar fjallað um hefðir frá ári til árs.

Myndsköpun

Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín. Sköpun byggist á þekkingu og sjónarmiðum, aðferðum og leiðum sem marka tiltekið svið, hvort sem um er að ræða dans, myndlist, smíðar, leiklist, matreiðslu, byggingarlist, textil, móðurmál eða tónlist.

Í Tjarnarskógi er lögð mikil áhersla á myndsköpun og að barnið njóti þess að vinna við hana. Í fyrstu er aðalviðfangsefnið að læra að beita áhöldunum og snerta og kynnast efniviðnum sem notaður er við listsköpunina. Við leggjum fyrir fjölbreyttan efnivið sem fengin er úr ýmsum áttum og er náttúran mikið notuð. Sköpun er unnin í hópastarfi og vali skólans ásamt því að tengjast bæði greindum og menningarviðburðum hverju sinni. Í Tjarnarskógi er góð aðstaða til hverskonar listsköpunar. Sjálft sköpunarferlið teljum við vera mikilvægara en útkomuna þó við leggjum einnig ríka áherslu á að gera öll verk barnanna sýnileg fyrir foreldra og vandamenn. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Meginmarkmið myndsköpunar eru að:

- Viðhalda forvitni og frumkvæði barnanna.
- Örva sköpunargleði.
- Börnin verði fær um að tjá sig í gegnum myndrænt form og ráði yfir þeirri færni og kunnáttu sem þarf til að geta notað blýanta, liti, málningu, leir, myndavélar, snjalltöflu og einföld verkfæri sér til ánægju.

Tónlist

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Daglega eru söngstundir þar sem kenndar eru þulur og söngvar og hlustað á tónlist. Við syngjum saman og fyrir hvort annað. Í daglegu starfi eru hreyfileikir og söngleikir notaðir og börnin hvött til að gera tilraunir með hljóð og hljóðgjafa. Hlutverk starfsmanna er að skapa tíma og rými fyrir börn til að njóta tónlistar og þess að framleiða hljóð. Að leiða börnin áfram í tilraunum og leik. Með því að spyrja „ hvað gerist ef ?“

Markmið tónlistar eru að börnin:

- Kynnist margvíslegum hljóðfærum og hljóðgjöfum.
- Geti greint á milli frumþátta í tónlist eins og mismunandi dýpt –hraði.
- Geti hlustað á stutt tónverk og rætt um þau.
- Geti notað og framleitt tónlist/ hljóð sér til ánægju.

Hópastarf

Hópastarf er a.m.k einu sinni í viku. Unnið er út frá stefnu leikskólans og faglegum áherslun Aðalnámsskrár leikskóla að fjölbreyttum verkefnum. Þar er unnið í litlum hópum, börnunum er gefið færi á að mynda dýpri tengsl við ákveðinn hóp barna og kennara. Hópastarf hefur ákveðið form upphaf, megin verkefni og endi. Í hópastarfi er farið í vettvangsferðir, hópleiki, byggt úr einingakubbum, farið í hlutverkaleiki, málað, dansað, spilað á hljóðfæri, leikið með leir, hlustað á sögur og margt fleira.

Markmið með hópasamveru eru að börnin:

- Myndi góð tengsl hvert við annað.
- Myndi góð tengsl við kennarann.
- Þjálfist í samvinnu.
- Þroski með sér samkennd og tillitsemi.
- Læri að deila með öðrum.
- Læri að einbeita sér í litlu hóp.

2.6. Aðlögun – yngstu börnin og færsla á milli deilda

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi því hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Markmiðið með aðlögunartímanum er að gera barnið öruggt í nýju umhverfi og að hjálpa barninu að tengjast nýju fólki, bæði fullorðnum og börnum. Mikilvægt er því að á meðan á aðlögun stendur að foreldrar kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi sem fram fer í leikskólanum.

Yngstu börnin og ný börn í Tjarnarskógi

Áður en aðlögun hefst mæta foreldrar í viðtal til deildarstjóra, og tekur aðlögunin oftast u.þ.b. viku. Hafa ber í huga að hvert barn er einstakt og því er engin aðlögun eins. Við höfum valið þá leið að aðlaga nokkur börn í einu og gefst það fyrirkomulag vel.

Aðlögunarskipulagið er eftirfarandi:



1. **dagur, 1 klst.:** Börn og foreldrar kynast deildinni.
2. **dagur, 2 klst.:** Leikur á deild og útisvæði. Foreldrar eru með.
3. **dagur, 4 klst.:** Leikur á deild + útivera + hádegismatur. Foreldrar bregða sér frá í smástund.
4. **dagur, 5 klst.:** Leikur á deild + útivera + hádegismatur + hvíld. Foreldrar fara úr húsi en eru í símafæri)
5. **dagur, 6 - 7 klst.:** Heimsókn í 6 - 7 tíma börnin taka þátt í deildarstarfinu. Foreldrar skilja börnin eftir en eru í símafæri.

Færsla á milli deilda

Þar sem deildir eru aldurskiptar á Tjarnarskógi og flest barnanna dvelja hjá okkur í 5 ár fara þau á 3 deildir. Þau byrja þrisvar sinnum á nýrri deild, þ.e. á yngri álmum 1 - 2 ára, á eldri álmum 2 - 3 ára og á Tjarnarlandi 4 - 5 ára. Aðlögun á milli deilda fer fram á leikskólatíma og sjá kennarar á deildinni um hana. Börnin færast á milli deilda í hópum því mikilvægt er að börn sem hafa myndað tengsl og eignast vini fái tækifæri til að halda áfram að þróa það. Einnig er gott að hafa stuðning frá vinum í nýjum aðstæðum.

Aðlögunarskipulagið er eftirfarandi:

1. **dagur, 1 klst.:** Heimsókn á leiktíma.
 2. **dagur, 2 klst.:** Heimsókn á leiktíma.
 3. **dagur, 4 klst.:** Heimsókn á leiktíma + samvera + hádegismatur.
 4. **dagur, 5 klst.:** Heimsókn á leiktími + samvera + hádegismatur + hvíld.
 5. **dagur, 6 - 7 klst.:** Börnin flytja með dótið sitt, þ.e. hólfamyndina, aukafötin og útifötin, á nýju deildina.
- Það fer allt eftir barnahópnum hversu lengi kennarinn, sem fylgir þeim, dvelur með þeim í aðlöguninni.

2.7. Elstu börnin í leikskólanum

Börn hafa mikla þörf fyrir að takast á við krefjandi verkefni sem reyna á færni þeirra bæði andlega og líkamlega. Sérstök áhersla er lögð á að þetta séu fjölbreytt verkefni sem taka mið af aldri og þroska barnsins hverju sinni. Með þeim læra þau að fullvinna verk sín, þjálfra einbeitingu, færni og úthald. Hugmyndafræði og starfsaðferðir leikskóla eru lagðar til grundvallar.

Markmið með verkefnum elstu barnanna er:

- Að efla allar greindirnar átta í gegnum leik og starf.
- Að styrkja sjálfstæð vinnubrögð.
- Að búa barnið undir að flytjast á næsta skólastig.
- Að barnið upplifi grunnskólann sem eðlilegt framhald leikskólans.



Útskriftarferð

Hefð hefur skapast fyrir því að farið er í ferð með útskriftarnemendurnum. Ákveðið er hverju sinni á hvaða stað er farið.

Tilgangur:

- Börnin eru kvödd með hátíðarblæ.
- Sýna eitthvað sem þau hafa æft og lagt á sig að læra.

Bilið brúað – samstarf við Egilsstaðaskóla

Formlegt samstarf er á milli Tjarnarskógar og Egilsstaðaskóla. Skólaganga barna er samfelld heild og mikilvægt er að sú þekking og viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl skólanna í er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli. Mikilvægt er fyrir börnin og kennara hvors

skólastígs fyrir sig að kynnast því starfi sem fer fram á hinu skólastiginu og með því er hægt að tengja skólastigin betur saman í gegnum kennslu á hvoru skólastiginu fyrir sig.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla yfir í grunnskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um barnið sem leikskólinn varðveitir.

Markmið með samstarfinu er:

- Að auðga skólastarfið á báðum stigum og efla félagsleg tengsl.
- Gott samstarf og samvinna milli skólastiga (tengir saman skólastigin).
- Að skapa farveg fyrir miðlun upplýsinga á milli skólastiga.
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á hvoru skólastigi.
- Að auðvelda tilfærslu milli skólastiga.
- Að skapa samfellu í námi og kennslu nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.
- Börnin læri að virða kennara og geti farið eftir fyrirmælum.
- Að samræmi skapist í því námsefni sem er hjá yngstu börnum grunnskólans og elstu börnum leikskólans.
- Að það séu gagnkvæmar heimsóknir í leik- og grunnskóla.
- Að leikskólabörnin kynnist helstu rýmum Egilsstaðaskóla
- Að skapaður verður samstarfsgrundvöllur milli beggja skólastiga þar sem bæði leikskóla- og grunnskólakennarar geti rætt um og unnið sameiginlega að gagnvirkum samstarfi milli skólastiganna sem báðir aðilar hagnast á.

3. FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.

Leikskólinn er lögum samkvæmt fyrsta skólastigið í menntakerfinu og annast að ósk foreldra nám barna á leikskólaaldri. Leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Meginhlutverk leikskólana felst í því að veita börnum leikskólamenntun, en jafnframt að leitast við að koma til móts við óskir foreldra svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum í starfi leikskólans, aðbúnaði og umönnun barnanna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli foreldra og leikskóla. Áhersla er lögð á að eiga samstarf við báða foreldra barnsins. Á þessum grundvallaratriðum byggist foreldrasamvinna. Mikilvægt er að foreldrar þekki kennara barnsins og annað starfsfólk leikskólans og að samskiptin byggist á gagnkvæmri virðingu og trausti. Í forstofu hverrar deildar eru ljósmyndir af starfsmönnum viðkomandi deildar merktar nafni og starfsheiti. Almennt gefa allir starfsmenn upplýsingar um barn til foreldra þess. Í sumum tilfellum gefa þó aðeins deildarstjórar og/eða leikskólastjóri upplýsingar varðandi einstök atriði. Foreldrum er ávallt velkomið að dvelja í leikskólanum og taka þátt í starfinu. Á hverri deild er upplýsingatafla í forstofu þar sem upplýsingum til foreldra er komið á framfæri. Upplýsingum er einnig dreift með öflugri heimasíðu. Eins oft og þurfa þykir eru upplýsingar sendar með tölvupósti til foreldra/forráðamanna. Við upphaf leikskólagöngu er foreldrum vísað á kynningarbækling sem er á heimasíðu leikskólans. Þar koma fram hagnýtar upplýsingar um skólagöngu barnsins.

Foreldraráð starfar við leikskólann samkv. lögum um leikskóla. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi. Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélagsins er að styðja vel við starfið í leikskólanum og eru foreldrar hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.

Markmið með foreldrasamstarfi eru að:

- Rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna.
- Veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans.
- Stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans.



4. YTRI RAMMI UM LEIKSKÓLASTARFIÐ

Dagskipulag

Dagskipulag myndar ramma um starf deildarinnar. Það skapar öryggi og vellíðan þegar fastir viðburðir eru á hverjum degi og gefur einnig tímaskyn. Morgunmatur, ávaxtatími, hádegismatur, hvíld og nónhressing eru slíkir fastir punktar.

Vikuskipulag

Allar deildir hafa fasta tíma í smíðjum sem þær nýta sér. Á vikuskipulagi kemur meðal annars fram hvernig hópastarfi og gönguferðum er háttað ásamt öðrum föstum punktum.

Viðburðardagatal

Viðburðardagatal er til leiðsagnar í starfinu. Hátíðir og hefðir í leikskólastarfinu koma inn á viðburðardagatal sem og aðrir uppákomudagar, foreldrasamstarf, afmæli og skipulagsdagar. Hugmyndafræði leikskólans tekur meðal annars mið af fjölgreindarkenningu Howards Gardner. Þannig vinnum við í lotum með tvær og tvær greindir í einu í fyrirfram ákveðin tíma. Loturnar eru settar fram á viðburðardagatali. Sem dæmi er byrjað í september á greindarvinnu og unnið með félagsgreind og sjálfþekkingargreind, þannig heldur síðan veturinn áfram þar til unnið hefur með allar greindir.

Skóladagatal

Á skóladagatalinu er gerð grein fyrir almanaksárinu. Þar er að finna upplýsingar um lögbundna frídaga og aðra samþykktu lokunardaga sem hafa verið samþykktar af fræðslunefnd. Sem dæmi: hátíðir, hefðir, foreldrasamstarf og skipulagsdagar.

Námsgögn

Þar sem við ætlum að bjóða upp á fjölbreytta kennsluhætti þurfum við að nota margvísleg námsgögn til kennslunnar. Einnig þarf aðgengi barnanna að þeim að vera aðgengilegt og námshvetjandi. Gagnabanki á að vera sýnilegur og aðgengilegur öllum í skólanum. Kappkostað er að velja vandaða liti, málningu og slíkt í skólann með tilliti til umhverfisverndar og heilsu. Einnig er unnið með verðlausan efnivið og þannig veitum við ýmsum hlutum framhaldslíf.



5. SAMSTARF

Hér að neðan er upptalning á þeim samstarfsaðilum sem við erum í samstarfi við og hvað við gerum með þeim.

Hjúkrunarheimilið Dyngja - Hlymsdalir

Hefð er fyrir heimsóknum barna úr næst elsta árganginum á Hjúkrunarheimilið Dyngju og í Hlymsdali. Markmiðið með heimsóknunum er að brúa kynslóðabilið með söng, spilamennsku o. fl. öllum til ánægju. Farið er í heimsókn tvisvar sinnum í mánuði, einu sinni á hvorn stað.

Tilgangur er meðal annars:

- Veita öðrum gleði.
- Brúa kynslóðabilið.
- Styttu stundir.
- Kynnast öðruvísi umhverfi.

Samstarf við Minjasafnið

Þriðji elsti árgangurinn í leikskólanum fer á Minjasafn Austurlands í litlum hópum og fer hvert barn tvisvar sinnum á önn.

Tilgangur er meðal annars:

- Kynnast safninu og safnkosti.
- Kynnast lífinu í „gamla daga“

Slökkvilið

Elsti árgangur fer í samvinnu við slökkvilið og farið verður í prógrammið með Loga og Glóð. Umsjón með þessu er hópstjórar elsta árgangsins í samráði við slökkviliðsstjóra.

Tilgangur er meðal annars:

- Eldvörn.
- Kynning á starfsemi slökkviliðsins.
- Meðvituð um umhverfi og eldhættu.

Egilsstaðaskóli

Nauðsynlegt er að hafa ríkt og gott samstarf við grunnskólann. Fundinn er tengilliður á hverju hausti sem sér um að hafa samband við skólastjóra/deildarstjóra yngsta stigs og skipuleggja heimsóknir o.fl..

Tilgangur er meðal annars:

- Undirbúningur fyrir komandi skólagöngu.

Tannlæknir

Við viljum vera í samstarfi við tannlækni í tengslum við tannverndarviku og er það næst elsti árgangurinn sem er í því. Tengiliður hefur samband við tannlækni um skipulag og tímasetningu.

Tilgangur er meðal annars:

- Tannvernd er hluti af sjálfsumhirðu.

Lögreglan

Börnin þurfa að kynnast lögreglunni og því að hún hjálpar fólki. Á hjóladegi eru reiðhjólin skoðuð og fá skoðunar miða. Leikskólastjóri hefur samband við Lögreglu til að ákveða hjóladaginn.

Við viljum efla samstarf við lögregluna með heimsókn næstelsta árgangsins á Lögreglustöðina, þar sem þau kynnast starfsemi hennar. Hópstjórar hafa umsjón með þessum þætti.

Gisthúsið

Elsti ágangur fer í heimsókn á Gistihúsið á Egilsstaðabýlinu í desember. Kaffihúsastemning og sofandi jólasveinn eru orðnir fastir liðir í leikskólanum. Hópstjórar elsta árgangs sjá um skipulag og framkvæmd í tengslum við leikskólastjóra.

Tilgangur er meðal annars:

- Vera gestur og vera til fyrirmyndar í kurteisi.

Eyjólfstaðir

Næst elsti ágangur fer og velur jólatré inn í Eyjólfstaðaskógi. Farið er með rútu og þegar búið er að velja jólatrénn þá er boðið upp á piparkökur og kakó. Leikskólastjóri heldur utan um og skipuleggur þessa ferð.

Tilgangur er meðal annars:

- Ná í jólatré.
- Upplifa jólastemningu.

Samstarf við kirkjuna

Kirkjan hefur undanfarin ár boðið leikskólabörnum að koma á stutta aðventustund í desember. Ef foreldrar vilja ekki þiggja þetta boð er undirbúin notaleg stund fyrir þau á meðan.



6. SIÐIR & VENJUR

Hér að neðan er hægt að lesa um þá siði og venjur sem við höfum sett okkur og ákveðið að halda í. Sumar eru arfur frá Skógar- og/eða Tjarnarlandi en aðrar eru nýrri.

Afmæli Tjarnarskógar

Þann 13. ágúst 2012 tók sameiningin gildi og hófst starfsemi Tjarnarskógar. Hátíðarhöld sem einkennast af leik og söng. Við ætlum að halda upp á þennan dag á fimm ára fresti.

Fagnaðarfundir - Litadagur

Fagnaðarfundir eru einu sinni í mánuði, í u.þ.b. 30 mínútur, síðasta miðvikudaginn í mánuði. en á fagnaðarfundum hittast börn á kennarar, syngja og sprella saman. Í vetur verða fagnaðarfundir aldurskiptir en börn og kennarar í yngri álmu hittist kl. 9:30 og börn og kennarar í eldri álmu og á Tjarnarlandi hittast kl. 10. Deildarnar skiptast á að skipuleggja fagnaðarfundinn, börnin velja hvaða lög á að æfa þennan mánuðinn og syngja, og eru þau á sviðinu í salnum.

Afmæli

Afmælisbarnið býr til kórónu og skreytir hana. Síðan er haldin afmælisveisla í samverustund með söng og leikjum.

Hreyfivika – move week

Move week er haldinn á alþjóðavísu að vori. Sveitarfélagið hefur verið þátttakandi og Tjarnarskógur einnig. Skipulögð er hreyfing sem hentar hverju aldursbili og fer hún gjarnan framm á Vilhjálmsvelli.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október.

Alþjóðlegi bangsadagurinn er 27. október og hann hefur verið haldinn á þann einfalda hátt að börnin koma með bangsana sína í leikskólann. Einnig er hægt að lesa bangsabækur og segja bangsasögur, leika bangsa o.fl. o.fl.

Dagar myrkurs

Dagar myrkurs er menningarveisla með drauglegu ívafi um allt Austurland í nóvember. Við í Tjarnarskógi tökum þátt í henni m.a. með því að:

- Börnin búa til ljósker úr krukkum fyrr í mánuðinum og svo tendra foreldri og barn ljós í myrkrinu úti þegar barnið kemur í leikskólann.

Dagur íslenskrar tungu

Er 16 nóvember á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Þá er eitthvað sérlega íslenskt á boðstólum, saga, leikrit, ljóð, söngur eða hvað annað sem sameinast verður um að gera.

Jólaundirbúningur

Á aðventunni hafa skapast margar skemmtilegar og notalegar venjur í Tjarnarskógi.

- Hvert barn býr til **jólagjöf** og gefur foreldrum sínum.
- **Piparkökubakstur** heyrir til seinni hluta nóvember og byrjun desembers. Afraksturinn er síðan í boði í foreldrakaffi fyrir jólin.
- **Jólafondur:** Foreldrum er boðð að koma í heimsókn, fönndra jólaskraut til að skreyta deildina og heimilið, fá kaffi og piparkökur og njóta samvista við börn og starfsfólk.
- **Jólatréin sótt:** Næst elsti árgangur skólann sér um að velja og sækja jólatré fyrir skólann. Fær í ferðinni heitt kakó og smákökur. Annað jólatréið er svo sett upp í salnum á Skógarlandi og hitt á Tjarnarlandi.
- Kaffihúsaferð útskriftarárgangs á Gistihúsið á Egilsstöðum.

- **Jólaþakósý á deildum:** Hver deild hefur einn þakósýdag þar sem í boði er að mæta í náttfötum, fá smákökur og kakó og jafnvel horfa á jólamynd inni á deild eða í kubbasmíðju.
- **Jólahúfudagur:** Dag einn í desember mæta allir, börn og starfsfólk með jólahúfu.
- **Jólaball:** Haldið í samstarfi við foreldrafélag, sungið og dansað í kringum tréð. Í hádegi er borðaður hátíðarmatur.

Þorrablót

Uppákoma í tilefni Þorra, þjóðlegur klæðnaður og matur. Deildir skreyta salinn eftir samkomulagi.

Dagur leikskólans

Dagur leikskólans er haldinn 6. febrúar um allt land. Við höldum daginn hátíðlegan með því fara út um bæ, hver deild/árgangur á sínum forsendum og segja frá starfi leikskólans og gera okkur sýnileg.

Bolludagur

Við búum til bolluvendi ef það passar inn í það sem við erum að vinna. Borðum bollur í nónhressingu.

Sprennidagur

Á sprennidag er saltkjöt og baunir í matinn.

Öskudagur

Á Öskudag er í boði að koma í búningum. Haldnar eru skemmtanir í sal og eru þær álmuskiptar. Á skemmtuninni er sungið, kötturinn sleginn úr tunnunni og dansað.

Spilavikur

Spilavikur eru á eldri deildum og miðast við málgreind og rök- og stærðfræðigreind sem tekin er fyrir í febrúar og mars. Þá leggjum við áherslu á að spila með börnunum og fá þau að koma með spil að heiman.

Öfugsnúinn dagur

Einn dagur á ári er öfugsnúinn í vikunni fyrir dymbilviku. Þá er dagskipulagi skólans snúið við og börn og starfsfólk klæða sig á óhefðbundinn hátt.

Yngissveinadagur og Yngismeyjadagur

Þessir dagar tengjast gamla norræna dagatalinu og eru annarsvegar í 1. dagur Einmánaðar og hinsvegar 1. dagur Góu. Á yngissveinadegi koma stúlkurnar drengjunum á óvart með gjöfum eða skemmtun. Á yngismeyjardeginum koma drengirnir stúlkunum á óvart með gjöfum eða skemmtun.

Vorferðir

Farið er í styttri ferðir í þeim tilgangi að njóta vorsins og kynnast umhverfinu og náttúrunni.

- **Útskriftarferð:** Elstu börnin fara í útskriftarferð og að henni lokinni er haldinn útskriftarveisla þar sem hvert barn fær útskriftarskjal og rós.
- **Fjöruferð:** Næst elstu börnin fara í fjöruferð í nálæga fjöru, skoða fjörlífið og njóta útivistar.
- **Sveitaferð:** Þriðji elsti árgangurinn fer í sveitaferð og fær að kynnast sveitalífinu.

Sumarhátíð

Sumarhátíðin er haldin í lok maí (þegar veður og aðstæður leyfa) og er hún haldin í samstarfi við Foreldrafélagið. Foreldrafélagið sér alfarið um pylsur og safa. Börn og foreldrar syngja saman og gera sér glaðan dag.

Tilgangur:

- Tengja saman heimili og skóla.
- Gera sér glaðan dag áður en sumarleyfi hefjast.
- Fá fólk inn í leikskólann sem gefur sér ekki alltaf tíma.
- Notaleg stund með foreldrum.

Hjóladagur

Þennan dag koma börn með hjól við hæfi og lögreglan kemur í heimsókn. Þetta er liður í að kynna lögregluna og reglur um hjól fyrir börnunum.

7. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Til að auka gæði skólastarfsins, tryggja þróun þess og gæta að börnin fái þá menntun sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla metum við starfið markvisst á hverju ári. Fræðslunefnd Fljótsdalshéraðs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitafélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Notaðar margar leiðir til að meta starf leikskólans og til að fá sem heildstæðustu sýnina á skólastarfið þá leitum við eftir þátttöku foreldra, starfsmanna og barna. Sem hlut af lýðræðislegum vinnubrögðum við *innra mat* skólans er bæði notað óformlegt mat og formlegt mat. Dæmi um óformlegt mat er m.a. fundir, foreldraviðtöl, samtöl. Dæmi um formlegt mat er t.d. Skólapúlsinn, ECERS- kvarði, starfsmannasamtöl, kannanir og spurningarlistar.

Framkvæmd ytra mats og eftirlit er í höndum Fljótsdalshéraðs.

8. ÁÆTLANIR - STEFNUR

Starfsáætlun er gerð fyrir hvert skólaár og í henni eru settir fram áherslupættir, markmið og leiðir skólans það árið. Þessi markmið eru sett fram að undangengnu endurmati. Er það gert með þróun og umbætur að leiðarljósi en einnig til að veita þér sem og öðru starfsfólki færi á að auka þekkingu sína og vinna að sameiginlegum markmiðum.

Bilið brúað – samstarf Tjarnarskógar og Egilsstaðaskóla

Fimm ára nemendur í Tjarnaskógi heimsækja Egilsstaðaskóla og nemendur Egilsstaðaskóla fara í heimsóknir í leikskólann. Leikskólabörnin kynnast sérstaklega tilvonandi vinabekk sínum, sem er 5. bekkur og nýta sér aðstöðu á leikvelli við Egilsstaðaskóla yfir veturinn. Einnig er leikskólabörnum sérstaklega boðið að koma í skólann ásamt kennurum sínum í þeim tilgangi að kynnast skólaumhverfinu og nýta sér hina góðu aðstöðu í verkgreinastofum skólans og á bókasafninu.

Markmiðið með **Eineltisáætlun** leikskólans er að starfsmönnum leikskólanna ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því. Í áætluninni eru einnig upplýsingar um birtingarform eineltis og hvað telst vera einelti og er hægt að lesa hana í heild sinni en hún er merkt sem *fylgigagn 4*.

Jafnréttisáætlun leikskóla Fljótsdalshéraðs er gerð samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (96/2000, 13.gr.). Þar er kveðið á að fyrirtæki/stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skuli setja sér jafnréttisáætlun og er hún merkt sem *fylgigagn*

Leikskólar Fljótsdalshéraðs hafa unnið jafnréttisáætlun og eineltisáætlun í eina sameiginlega áætlun og var gerð í mars 2014.

Í **Læsisstefnu Tjarnarskógar** er sjónum beint að þeim leiðum sem unnið er eftir til að efla og þjálfa læsi barnanna og þá er átt við læsi í víðum skilningi. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.



LOKAORÐ

Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá leikskóla og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskóla þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskráin tekur mið af sérstöðu leikskólans og skólastefnu Fljótsdalshéraðs. Við gerð Skólanámskrár Tjarnarskóg var lögð áhersla á aðkomu foreldra og alls starfsfólks. Hún tekur mið af áhuga barna og sjónarmiðum og unnin í samvinnu leikskólakennara, annars starfsfólks, barna og foreldra. Með þátttöku og samræðum þessara aðila mótuðust helstu áherslur og viðmið í starfi leikskólans. Skólanámskráin er því eins konar sáttmáli um hvaða leiðir leikskólinn ætlar að fara í starfsaðferðum og samskiptum til að efla menntun barna og stuðla að starfsþróun og fagmennsku innan leikskólans. Skólanámskráin á að vera lifandi og munum við endurskoða hana reglulega.